

Árangurskönnun Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

**NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR UM ÁRANGURSMAT STYRKTRA VERKEFNA Í
UPPBYGGINGARSJÓÐI SUÐURLANDS SEM UNNIN VORU Á ÁRINU 2018**



11. desember 2019
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir
Hrafnkell Guðnason


Almennt

Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlutu styrk úr atvinnuþróunar- og nýsköpunarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2017. Könnunin var send út í október 2019 til þeirra sem hlutu styrk á árinu 2017.

Alls fengu 45 styrkhafar tölvupóst með þessari könnun og í kjölfarið voru tvær áminningar sendar á þá sem ekki höfðu svarað. Í heildina fékkst 38% svörun frá 17 styrkþegum. Erfiðlega gekk að fá svörun frá þessum hópi þrátt ítrekaðar tilraunir. Vonumst við eftir betri svörun næst þegar könnunin verður framkvæmd en þá verður ekki eins langt liðið síðan verkefni voru unnin af styrkhöfum.

Flestir þeirra sem svöruðu könnuninni tilheyrðu flokknum “Ferðapjónusta” eða 41% og þá voru 18% sem tilheyrðu flokkunum “Matvæli” sem og flokknum “Rannsóknir/þróun/fræðsla”.

Hvað af eftirfarndi flokki tilheyrir þitt verkefni?




Árangur verkefna

Allir sem svöruðu könnuninni luku við verkefni sín með lokaskýrslu nema eitt, það fór ekki af stað og féll styrkveiting niður. Styrkveitingar til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna árið 2017 voru samtals 51 verkefni til 45 styrkþega. Af þeim verkefnum lauk 41 verkefni með skilum á lokaskýrslu. Verkefnum lokið án fullnaðargreiðslu voru 19,6%, þar af hættu 7 við verkefni og var þremur verkefnum lokið án þess að styrkveiting hafi að fullu verið sótt til SASS.

Þegar spurt var um upphæð styrkveitingar voru flestir sem hlutu styrk á bilinu 251-500 þúsund eða 41% og þá 501 þúsund – 1 milljón króna eða 29%. Aðeins 18% hlaut yfir 1 milljón króna og 12% undir 250 þúsund.

Hver var upphæð styrksins sem verkefnið hlaut




Hagnaður og velta

Árleg velta síðasta árs hjá styrkþegum var nokkuð breytileg en flestir þeirra sem svöruðu eru með rekstur sem velti undir 10 milljón krónum, samtals 64%. Um það bil fjórðungur eða 24% voru með árlega veltu uppá 10-50 milljón krónur og aðeins tveir eða 12% þeirra sem svöruðu með veltu yfir 51 milljón krónum.

Áhugavert var að sjá að meirihluti styrkþega töldu styrkveitinguna hafa haft áhrif á aukna veltu þeirra. Þegar spurt var hvort styrkþegar teldu að veltan hafi aukist síðan verkefninu lauk svöruðu 47% að þau teldu svo vera og 71% töldu að styrkveiting SASS hafi átt eða muni eiga þátt í að auka veltu.


Hver var árleg velta á síðasta ári?






Einnig var spurt um hagnað hjá viðkomandi styrkþega, þar töldu 41% styrkþega að hagnaðinn hafi aukist eftir að verkefninu lauk og 65% töldu að styrkveiting á vegum SASS hafi átt eða muni eiga þátt í auka hagnað.

Eftir að verkefninu lauk hefur hagnaður aukist?




Eftir að verkefni lauk hefur velta aukist?




Störf og stöðugildi

Styrkþegar voru einnig spurðir út í það hvernig störf hefðu helst orðið til, 36% svöruðu að það hafi verið störf sem ekki krefjast sérmenntunar og jafnmargir töldu þetta ekki eiga við hjá sér.

Eftir að verkefni lauk hefur stöðugildum




Hvers konar störf hefur styrkveitingin aðallega skapað?




Ánægjulegt er að sjá að 71% styrkþega segja styrkvetingu úr Uppbyggingarsjóði hafi skilað sér í þróun frumgerðar á vöru og/eða þjónustu.

Tiltölulega fáir virðast nýta styrkinn í gerð viðskipta og/eða hagkvæmniskönnunar, aðeins 24% sögðu styrkveitinguna hafa skilað sér í gerð á slíkri könnun. 42% svöruðu því neitandi og 12% gera ráð fyrir að það verði gert innan tveggja ára. Einnig var spurt úti hvort styrkveiting hafi leitt til einkaleyfis, aðeins 12% sögðu svo vera.

Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í þróun frumgerðar vöru og/eða þjónustu?




Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar og/eða hagkvæmniskönnunar?






Uppbyggingarsjóður virðist hafa jákvæð áhrif á að ný vara eða þjónusta sé sett á markað þar sem 65% töldu styrkveitinguna hafi leitt til þess. Einnig virðist styrkveitingin hafa nokkuð jákvæð áhrif á aukna markaðssókn þar sem 53% töldu styrkveitinguna hafa leitt til þess.

Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til þess að ný vara eða þjónusta var sett á markað?



Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til aukinnar markaðssóknar?




Nánast allir styrkþegar eða 88% töldu árangur á verkefni með tilliti til markmiða sjóðsins um að efla fjölbreytileika atvinnulífs og styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðni aukandi verkefni á Suðurlandi hafi tekist.

Um styrkveitingar á vegum SASS

Þegar spurt var um stærð og fjölda styrkveitinga má sjá að langflestir eða 88% svarenda eru sammála því að fjölbreytni eigi að ríkja í stærð styrkveitinga eða að stærð og fjöldi eigi að ráðast af eðli umsókna eða verkefna hverju sinni. Eftir á að hyggja hefði mátt sameina þennan valmöguleika þar sem þeir eru keimlíkir. Engin styrkþega taldi að styrkirir ættu að vera „fáir og stórir“. Ánægjulegt er að sjá að 82% styrkþega voru frekar eða mjög ánægðir með útgreiðslu styrkveitinga.


Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með útgreiðslu styrkveitinga?




ÞJÓNUSTA SASS

Þegar á heildina er litið virðast styrkþegar vera sérlega ánægðir með þjónustu SASS. Alls 94% eru frekar eða mjög ánægðir með hanleiðslu og eftirfylgni, engin er óánægður en einn eða 6% eru hvorki né. Alls 88% voru frekar eða mjög ánægðir með útgreiðslu styrkveitinga og aðeins einn er hvorki né einn frekar óánægður.

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS?



Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með útgreiðslu styrkveitinga?



Stuðningsþjónusta á vegum SASS virðist vera ábótavant eða ekki nógu áberandi þar sem 65% styrkþega telja þörf á því. 24% vita það ekki og 12% telja svo ekki vera.

Nokkrum flokkum var bætt við svarmöguleikana um hvaða þjónustu styrkþegar teldu helst vanta og er svörunin nú mjög svipuð síðustu könnun. Lang flestir eru sammála um að „aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun“ sé ábótavant, þar telja 60% þörf á auknum stuðningi. Það er sama hlutfall og kom út síðast og sömu niðurstöður komu út í menningarhlutanum bæði núna og í síðustu könnun sem gerð var. Þar á eftir er aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði og aðstoð við markaðsmál.

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	58.82%	10
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði	52.94%	9
▼ Aðstoð við markaðsmál	41.18%	7
▼ Handleiðslu í nýsköpun	35.29%	6
▼ Aðgengi að fræðslu og þekkingu	29.41%	5
▼ Handleiðslu og ráðgjöf	23.53%	4
▼ Annað, þá hvað	Responses 23.53%	4
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbygginarsjóð	17.65%	3
▼ Upplýsingaþjónusta	17.65%	3
▼ Aðstoð við stofnun fyrirtækja	17.65%	3
▼ Þróun vöru og þjónustu	11.76%	2
▼ Aðstoð við útflutning	5.88%	1
▼ Eftirfylgni styrkveitinga	5.88%	1
▼ Aðstoð við rekstur og stjórnun	5.88%	1
▼ Aðstoð við einkaleyfisumsóknir	0.00%	0
Total Respondents: 17		

Niðurstöður

Stefnt er að því að könnunin sé ávalt send út í byrjun hvers árs til þeirra sem hlutu styrk rúmu ári áður og hafa þá allir styrkþegar lokið við verkefni sín. Spurningum og svarmöguleikum var örlítið breytt í ár til samræmis við það. Næst verður könnunin því send út í byrjun árs 2020 til þeirra sem hlutu styrk á árinu 2018 og svo koll af kalli.

Svo virðist vera sem styrkþegar séu almennt nokkuð ánægðir með úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði og að verkefni séu að ganga nokkuð vel og skila góðum árangri. Ánægjulegt er að sjá að langflestir eru mjög eða frekar sáttir við þjónustu á vegum starfsfólks og ráðgjafa á vegum SASS.

Mjög greinilegt er hvar SASS þarf að bæta sig í stuðningsþjónustu þar sem svörunin er nánast sú sama hvort bæði þegar eldri könnun er skoðuð og eins niðurstöður úr verkefnum sem hlutu styrk úr Menningarflokki. Langflestir eru sammála því að þörf sé á aukinni þjónustu við eftirfarandi flokka: „aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun“, „aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði“, og „aðstoð við markaðsmál“.